# Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 18/2017.

Reykjavík, 22.12.2017
2017120332

**Efni: Innköllun á Ruker pálmaolíu vegna óleyfilegs litarefnis.**

Lagsmaður ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Ruker pálmaolíu** vegna þess að við eftirlit í Hollandi hefur greinst óleyfilega litarefnið súdan 4 í vörunni.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

**Vörumerki:** Ruker Ventures.
**Vöruheiti:** Edible Palm Oil.
**Strikanúmer:** 6034000006193.
**Lotunúmer:** 31.12.2019.
**Nettómagn:** 1 l.
**Framleiðandi:** Ruker Ventures Limited.
**Framleiðsluland:** Gana.
**Innflytjandi:** Lagsmaður ehf. (Fiska.is), Brekkuhúsum 1, 112 Reykjavík.
**Dreifing:** Verslanir Fiska.is Nýbýlavegi og Kolaportinu.

Viðskiptavinum sem hafa keypt vöruna er bent á að neyta hennar ekki og farga eða skila henni til Fiska.is, Nýbýlavegi 14 í Kópavogi , eða í sölubás Fiska.is í Kolaportinu. Nánari upplýsingar veitir Fiska.is í síma 571 5518.

